

L Ö G

100

30. des.

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 40% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1943, til greiðslu upp í útsvar hans 1944, með gjalddögum 1. marz til 1. maí 1944, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, en ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvars-greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagning útsvars 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

101

30. des.

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.